

**Sb.**

**369. Tillaga til þingsályktunar**

[192. mál]

um jarðboranir að Leirá í Borgarfirði.

Flm.: Daniel Ágústínusson, Jón Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram borun eftir heitu vatni að Leirá í Borgarfirði, svo fljótt sem auðið er, í þeim tilgangi, að orkulindir þær, sem þar kunna að vera, verði hagnýttar til hitaveitu fyrir Akranes.

**Greinargerð.**

Snemma á þessari öld var byggð sundlaug við heita uppsprettu að Leirá í Leirársveit og endurbyggð fyrir nokkrum árum. Frá ómunatíð hafa verið heitar uppsprettur í óskiptu heitilandi Leirár og Hávarðsstaða í Leirársveit, og er þeirra getið í ýmsum fornum ritum. Eftir því sem elztu menn muna, hefur vatnsmagnið verið jafnt og stöðugt, eða 2/3 sekl. af 60° heitu vatni. Að tilhlutun landeigenda og Akraneskaupstaðar athugaði Gunnar Bøðvarsson jarðhitasvæðið að Leirá haustið 1957. Taldi hann öll einkenni benda til þess, að vænta mætti nokkurs vatnsmagns, ef borað væri. Að beiðni nefndar þeirrar, sem undirbýr byggingu heimavistar-barnaskóla fyrir sveitahreppana í Borgarfjarðarsýslu sunnan Skarðsheiðar, hreppsnefndar Leirár- og Melahrepps og Akraneskaupstaðar var hafizt handa um jarðborun seint á árinu 1959. Var verkið unnið af jarðborunardeild raforkumálaskrifstofunnar, en greitt af fyrrnefndum þremur aðilum. Borunin gekk ágætlega, og var farið niður í 133 m dýpi. Þegar hætt var í febr. 1960, var rennslið orðið 7—8 sekl. af 80° heitu vatni. Síðan hefur vatnsrennsli þetta haldizt og einnig hitastig þess. Var þetta talinn mjög góður árangur, miðað við þann litla og ófullkomna bor, sem notaður var. Með borun þessari er tryggt nægilegt vatn fyrir heimavistar-barnaskóla að Leirá, félagsheimili og nauðsynlegar byggingar í tengslum við skólann og nokkur afgangur.

Það, sem næst ber að rannsaka, er það, hvort að Leirá er nægilegt vatn fyrir hitaveitu til Akraness og enn fremur þeirra sveitabýla, sem á þeirri leið eru. Af sérfræðingum er talið, að grundvöllur fyrir hitaveitu sé fenginn með 55 sekl. vatns fyrir Akranes og væntanlegt skólahverfi að Leirá. Vegalengdin til Akraness er 18—19 km. Þegar íbúar Akraness — sem nú eru tæplega 4000 — eru orðnir 5000, er að dómi sérfróðra manna fenginn fjárhagsgrundvöllur fyrir byggingu og rekstur hitaveitu, enda þótt fjarlægðin sé slík sem hér er um að ræða. Jafnframt er talið, að ca. 50 sekl. af 80° heitu vatni fullnægi notkun 5000 íbúa. Er mjög líklegt, að þeirri íbúatölu verði náð, þegar þetta mikla hagsmunamál Akraness yrði komið í framkvæmd, ef allt gengur að óskum. Akranes er vaxandi bær með fjölbreytt atvinnulíf og mikla framtíðarmöguleika til lands og sjávar.

Hitaveitur hafa alls staðar reynzt hin mestu þjóðþrifafyrirtæki, hvar sem þeim hefur verið komið á. Nægir í því sambandi að benda á Reykjavík, Sauðárkrók, Ólafsfjörð og Selfoss. Hitaveiturnar hafa orðið fjárhagslega sterk fyrirtæki, skapað margvísleg þægindi og þrifnað, auk gjaldeyrissparnaðar fyrir þjóðarbúið. Sú mundi einnig verða raunin á Akranesi, en þar munu nú greiddar árlega 6 millj. kr. fyrir olíu til upphitunar.

Rannsókn á jarðhitasvæðinu er kostnaðarsöm. Meðan ekki er sýnt, hvort til framkvæmda kemur, er erfitt fyrir bæjarfélagið að standa eitt undir þeim kostnaði, sem af rannsókninni leiðir. Það er því nauðsynlegt, að ríkið hafi forustu um þá rannsókn, sem hér er nauðsynleg, enda hefur það nú á að skipa tveimur stórvirkum jarðborum. Eigendur landsins hafa fúslega veitt leyfi til þess, að umrædd rannsókn á landinu fari fram, en endurgjald til þeirra fyrir hagnýtingu orkunnar, ef til framkvæmda kemur, yrði aftur á móti að verða metið af þar til kvöddum óvilhöllum mönnum.

Með samþykkt þingsályktunartillögu þessarar væri hitaveitumáli Akraness veitt mikilsvert brautargengi.